



Fundargerð 267.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 8. desember 2021 kl. 17.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Torfunefsbyggja.

Lögð fram lokaútgáfa af samning milli Akureyrarbæjar og Hafnasamlags Norðurlands bs. um afhendingu eignarlóðar samhliða framkvæmdum um framlengingu Torfunefsbyggju. Í samræmi við bókun bæjarráðs dags. 8. apríl 2021 mun Akureyrarbær afsala Hafnasamlagi Norðurlands bs. til eignar 9.074 fermetra lóð, sem liggur austan Glerárgötu ásamt þeirri stækkun sem verður til við framlengingu Torfunefsbyggju, endanleg stærð lóðarinnar mun ákvarðast í nýju deiliskipulagi sem Akureyrarbær vinnur nú að og stefnt er að verði kynnt og samþykkt snemma á næsta ári.

Vinna við keppnislýsingu vegna hönnunarsamkeppni um svæðið gengur vel og er stefnt að því að keppnin verði auglýst 5. janúar 2022. Stefnt að því að niðurstaða verði kynnt 27. apríl 2022. Stjórn HN tilnefnir þrjá fulltrúa í fimm manna dómnefnd samkeppninnar en það eru Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri, Pétur Ólafsson hafnarstjóri og Ágúst Hafsteinsson arkitekt. Arkitektafélagið tilnefnir tvo aðila en það eru Guðrún Ragna Yngvadóttir arkitekt og Árni Ólafsson arkitekt.

Stjórn HN lýsir yfir ánægju sinni með stöðu mála og felur formanni og hafnarstjóra að undirrita framlagðan samning.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.



Fundi var slitið kl. 18:15

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Pröstur Friðfinnsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Ólína Freysteinsdóttir

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
